



Vírin

1. tbl. 4. árgangur 2014

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)
Kerfisfræðingur | ERS
ulfar@deloitte.is
+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)
Yfirmaður upplýsingaöryggis-
þjónustu | ERS
rey@deloitte.is
+ 354 580 3306

Kæri viðtakandi,

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírin er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Ný tækni notuð í svokallaðar DOS (Denial of Service) árásir

Nýlegar árásir hafa verið gerðar á leikjaþjóna t.d. League of Legends og fleiri vinsælir leikir hafa orðið fyrir DOS árásum undanfarið.

Í árásum á leikjaþjóna undanfarið var beitt öðrum aðferðum heldur en hafa verið notaðar áður. Þær aðferðir sem notaðar voru fela í sér misnotkun á svokallaðri NTP samskiptareglu (Network Time Protocol). Þeir sem stóðu að baki árásinni sendu lítinn pakka á NTP netþjóna sem skiluðu svari sínu á leikjaþjónana í stað þess að skila þeim á þær tölvur sem upprunalega sendu fyrirspurnina. Þetta orsakaði netálag sem fór yfir 100Gbps á netþjóna.

[Meira >](#)

Starbucks forritið geymir lykilorð viðskiptavina sinna í ódulrituðum texta

Komið hefur í ljós að Starbucks forritið hafi geymt lykilorð notendanöfn, netföng og lykilorð í ódulrituðum skráum.

Nýlega kom í ljós að Starbucks forritið fyrir snjalltæki, sem t.d. er notað til að fylla á svokallað Starbucks kort sem hægt er að greiða fyrir vörur með, hefur geymt upplýsingar á snjalltækinu án þess að dulrita þær. Þetta getur haft þær afleiðingar ef síminn glatast að óviðkomandi aðili getur komist yfir notendaupplýsingarnar.

[Meira >](#)

Sögusagnir eru um að bakdyr hafi fundist í gervihnöttum

Hátt settur einstaklingur innan Sameinuðu arabísku furstadæmanna hefur sagt frá því að bakdyr hafi fundist í hugbúnaði hluta nýrra gervihnatta.

Haft hefur verið eftir hátt settum einstaklingi innan Sameinuðu arabísku furstadæmanna að fundist hafi bakdyr í nýjum gervihnöttum sem verið er að smíða fyrir landið. Þessar bakdyr fundust í sérstökum búnaði sem framleiddur var í Bandaríkjunum og hefur verið óskað eftir því að hlutunum verði skipt út. Þetta hefur sett samninginn í uppnám þar sem Sameinuðu arabísku furstadæmin hafa sett sig í samband við bæði Rússland og Kína vegna þessa.

[Meira](#)

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Virinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is